

Beiðni um að ökutæki verði skráð í umferð

Tegund / undirtegund	Skráningarnúmer
Skráður eigandi / umráðamaður	Kennitala
Heimili, póstnúmer og staður	

**Neðangreind skilyrði þurfa að vera uppfyllt (sjá leiðbeiningar):
- útfyllist af starfsmanni Umferðarstofu / skoðunarstofu**

- Opinber gjöld greidd
- Ökutæki með staðfesta tryggingu
- Ökutæki með gilda skoðun Skoðun ekki gild - aktursheimild afhent.

Skráningarkerki / skoðunarmiðar:

- Skráningarkerki í innlögn óskast send
- Skoðunarmiðar óskast sendir

Ég undirrituð/-aður óska þess að framangreint ökutæki verði skráð í umferð að nýju, enda hafa skilyrði 3. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003 verið uppfyllt (sjá lista hér að ofan). Mér er kunnugt um að óheimilt er að taka ökutækið í notkun fyrr en skráningarkerki hafa verið sett aftur á það eða skoðunarmiði frá Umferðarstofu, sem er í samræmi við gilda skoðun ökutækisins, hefur verið settur yfir miða um að notkun þess sé bönnuð.

Dagsetning og staður

Undirritun eiganda / umráðamanns

Staðfesting starfsmanns Umferðarstofu / skoðunarstofu

Mikilvægar upplýsingar vegna skráningar í umferð:

Notkun óheimil: Óheimilt er að nota ökutæki sem er skráð úr umferð í ökutækjaskrá, sbr. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003. Bann við notkun ökutækisins miðast við móttöku beiðnar um skráningu úr umferð hjá Umferðarstofu eða skoðunarstofu.

Skráning í umferð: Skilyrði 3. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 skulu vera uppfyllt ef skrá á ökutæki aftur í notkun.

Opinber gjöld: Greiða skal öll áhvílandi gjöld og að auki áætluð bifreiðagjöld fyrir það sem eftir stendur af gjaldtímabili.

Trygging: Framvísa skal staðfestingu á tryggingu, en þó nægir að það komi fram í tryggingabanka í ökutækjaskrá að ökutækið sé tryggt.

Skoðun: Ökutækið þarf að hafa gilda aðalskoðun. Ef komið er fram yfir lögbundna aðalskoðun getur þó verið heimilt að veita frest til að færa ökutækið til skoðunar. Þetta er þó ekki heimilt ef klippt var af ökutækinu vegna skoðunar.

Skráningarkerki eða miði: Ef skráningarkerki hafa verið afhent Umferðarstofu eða skoðunarstofu skulu þau sótt úr geymslu og sett á ökutækið áður en það er tekið í notkun. Ef miði með áletruninni "Notkun bönnuð" var settur yfir skoðunarmiðann skal setja yfir miðann nýjan skoðunarmiða frá Umferðarstofu, sem er í samræmi við gildandi skoðun ökutækisins.

Sendingarkostnaður: Sendandi ber sjálfur kostnað af sendingu merkja til og frá geymslustað.